

Ed.

49. Breytingartillaga

[42. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19 frá 5. apríl 1971.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

2. mgr. 13. gr. hljóði svo:

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar, sem Alþingi kann að ákveða. Tekjum af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau skal varið til stofnkostnaðar sjónvarps.